

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2013/EES/37/28
nr. 1206/2011

frá 22. nóvember 2011

um kröfur um auðkenningu loftfars í tengslum við kögun í samevrópska loftrýminu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfis-reglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur gefið Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu umboð, með 1. mgr. 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽²⁾ til að þróa kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN). Reglugerð þessi er byggð á skýrslunni sem gefin var út í því sambandi 9. júlí 2010.
- 2) Staðfesta skal auðkenningu einstakra loftfara í samræmi við verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar áður en loftfarinu er veitt flugumferðarþjónusta með notkun kögunarkerfis.
- 3) Samfelldur rekstur byggist á ótvíræðri og samfelldri auðkenningu einstakra loftfara sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð samkvæmt blindflugsreglum í öllu loftrýminu í samevrópska loftrýminu.
- 4) Núverandi aðferð við að auðkenna einstök loftför gengur út á að nota stakstæða ratsjársvakóða fyrir kögunarsvarratsjá (hér á eftir nefndir „SSR-kóðar“), sem er úthlutað í samræmi við verklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og flugleiðsöguáætlanir fyrir Evrópusvæðið.
- 5) Aukin umferð síðasta áratuginn hefur leitt til þess að oft er skortur á tiltækum stakstæðum SSR-kóðum til að anna eftirspurn á álagstímum og því er sem stendur ekki hægt að ábyrgjast auðkenningu einstakra loftfara í evrópsku loftrými.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

- 6) Innleiða skal á samræmdan hátt byrjunarstarfsgetu vegna notkunar niðursendrar auðkenningar loftfars (e. *downlinked aircraft identification*) í skilgreindum hluta evrópska loftrýmisins til að draga úr heildareftirspurn eftir stakstæðum ratsjársvakóðum til auðkenningar loftfara.
- 7) Þeir veitendur flugleiðsöguþjónustu sem ekki búa yfir nægri getu til að nota niðursenda auðkenningu loftfars skulu innleiða bætta og samhæfða getu vegna sjálfvirkar úthlutunar á SSR-kóðum til loftfara til að hámarka tiltækileika stakstæðra SSR-kóða.
- 8) Innleiða skal getu vegna notkunar niðursendrar auðkenningar loftfars í öllu loftrými samevrópska loftrýmisins til að minnka þörfina á stakstæðum SSR-kóðum til að auðkenna almenna flugumferð, sem er starfrækt samkvæmt blindflugsreglum.
- 9) Forsenda þess að hægt sé að draga úr eftirspurn eftir úthlutunum stakstæðra SSR-kóða með notkun niðursendrar auðkenningar loftfars er að samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana (IFPS) auðkenni þau flug sem eru hæf til að fá úthlutað umsömdum auðsæiskóða (e. *conspicuity code*) og að veitendur flugleiðsöguþjónustu úthluti hlutaðeigandi flugum auðsæiskóða þegar auðkenning með niðursendri auðkenningu loftfars er árangursrík.
- 10) Niðursenda auðkenningu loftfars má aðeins nota til auðkenningar einstakra loftfara þegar veitendur flugleiðsöguþjónustu nota viðeigandi kögunarskynjara, kerfi til að vinna og dreifa kögunargögnum, fluggagnavinnslukerfi, fjarskipti frá loftfari til jarðstöðva og fjarskipti frá jarðstöð til jarðstöðvar, skjá flugumferðarstjóra og kveða á um verklagsreglur og þjálfun starfsfólks.
- 11) Að hve miklu leyti veitendur flugleiðsöguþjónustu geta raunverulega notað niðursenda auðkenningu loftfars til að draga úr eftirspurn eftir úthlutunum stakstæðra SSR-kóða veltur á því hvort loftför hafi getu til að nota niðursenda auðkenningu loftfars, hvort flugleiðir þessara loftfara falli án rofs undir kerfi sem bjóða upp á þennan möguleika og á þeirri ríkjandi meginkröfu að skilvirk og örugg starfsfræsla sé tryggð.

- 12) Vara skal flugumferðarstjóra við þegar um er að ræða óviljandi tvítekningu á úthlutaðum SSR-kóða fyrir fleiri en eitt loftfar til að koma í veg fyrir hugsanlega ranga auðkenningu loftfars.
- 13) Samræmd beiting sérstakra verklagsreglna innan loftfrymisins í samevrópska loftrýminu er mikilvæg til að ná fram rekstrarsamhæfi og samfelldum rekstri.
- 14) Aðildarríkin skulu tryggja að allar breytingar sem gerðar eru á aðstöðu og þjónustu í kjölfar framkvæmdar þessarar reglugerðar komi fram í flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið í gegnum viðtekna málsmeðferð vegna breytinga.
- 15) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 16) Með það í huga að viðhalda eða hækka fyrirbyggjandi öryggisstig rekstursins skal þess krafist af öllum aðildarríkjunum að þau tryggi að hlutaðeigandi aðilar framkvæmi öryggismat, þ.m.t. hættugreiningu, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu. Samræmd framkvæmd þessara ferla fyrir þau kerfi, sem falla undir þessa reglugerð, krefst þess að sértækar öryggiskröfur séu ákvarðaðar sem gilda um allar kröfur um rekstrarsamhæfi og afköst.
- 17) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 552/2004 skal í framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi lýsa sértækum aðferðum við samræmismat, sem nota skal til að meta annaðhvort samræmi eða nothæfi kerfishlutanna, sem og til sannprófunar á kerfum.
- 18) Ef um er að ræða flugumferðarþjónustu, sem er fyrst og fremst veitt loftförum, sem fljúga í tengslum við almenna flugumferð undir hernaðareftirliti, geta takmarkanir hvað varðar innkaup komið í veg fyrir að farið sé að þessari reglugerð.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um kröfur varðandi kerfi, sem stuðla að veitingu kögunarupplýsinga, kerfishluta þeirra og tilheyrandi verklag til að tryggja ótvíræða og samfellda auðkenningu einstakra loftfara innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um kögunarkeðju sem samanstendur af:
- kerfishlutum kögunarkerfa um borð í loftförum og tilheyrandi verklagsreglum,
 - kögunarkerfum á jörðu niðri, kerfishlutum þeirra og tilheyrandi verklagsreglum,
 - kerfum og verklagsreglum fyrir flugumferðarþjónustu, einkum fluggagnavinnskukerfum, kögunargagnavinnskukerfum og kerfum fyrir notendaskil,
 - fjarskiptakerfum fyrir fjarskipti milli jarðstöðva og milli loftfara og jarðstöðva, kerfishlutum þeirra og tilheyrandi verklagsreglum, sem notaðar eru vegna dreifingar kögunargagna.
2. Þessi reglugerð gildir um öll flug, sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð í samræmi við blindflugsglugur innan loftrýmisins, sem skilgreint er í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 ⁽³⁾.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- „auðkenning loftfars“: röð bókstafa, tölustafa eða samsetning þeirra sem er annaðhvort eins og, eða kóðað, kallmerki loftfarsins sem nota á í fjarskiptum milli jarðstöðva og loftfara og til að auðkenna loftfarið í fjarskiptum flugumferðarþjónustu á jörðu niðri,
- „kóði kögunarsvarratsjár“ (SSR-kóði): einn af 4096 auðkenniskóðum kögunarsvarratsjár, sem þeir kerfishlutar kögunarkerfa, sem eru um borð í loftförum, geta sent,
- „stakstæður kóði kögunarsvarratsjár“ (stakstæður SSR-kóði (e. *discrete SSR code*)): fjögurra stafa auðkenniskóði kögunarsvarratsjár þar sem síðustu tveir tölustafir eru ekki „00“,
- „niðursend auðkenning loftfars“ (e. *downlinked aircraft identification*): auðkenning loftfars sem send er frá kerfishlutum kögunarkerfa um borð í loftförum í gegnum kögunarkerfi milli jarðstöðva og loftfara,
- „auðsæiskóði (e. *conspicuity code*)“: sérstakur SSR-kóði sem úthlutaður er í sérstökum tilgangi,
- „yfirflug“: flug sem kemur inn í skilgreint loftrými frá aðliggjandi undirsvæði, flýgur síðan í gegnum skilgreinda loftrýmið og út úr skilgreinda loftrýminu inn í aðliggjandi undirsvæði fyrir utan,

(³) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

- 7) „komuflug“: flug sem kemur inn í skilgreint loftrými frá aðliggjandi undirsvæði, flýgur í gegnum skilgreinda loftrýmið og lendir á ákvörðunarstað innan skilgreinda loftrýmisins,
- 8) „brottfararflug“: flug sem hefst á flugvelli í skilgreindu loftrými, flýgur síðan innan skilgreinda loftrýmisins og annaðhvort lendir á flugvelli innan skilgreinda loftrýmisins eða fer úr skilgreinda loftrýminu inn í aðliggjandi undirsvæði fyrir utan,
- 9) „umráðandi/flugrekandi“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara,
- 10) „skrá yfir kóðaúthlutun“: skjal þar sem tilgreind er heildardreifing SSR-kóða til aðildarríkja og flugumferðarþjónustudeilda og sem aðildarríkin hafa samþykkt og birt er í flugleiðsöguáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið,
- 11) „kögunarkeðja sem byggist á samvinnu“ (e. *co-operative surveillance chain*): kögunarkeðja sem þarf bæði íhluti á jörðu niðri og íhluti um borð í loftförum til að greina kögunargögn,
- 12) „samþætt kerfi til úrvinnslu upphaflegra flugáætlanana“ (IFPS): kerfi innan evrópska netsins um rekstrarstjórnun flugumferðar, sem veitir miðstýrða flugáætlanavinnslu- og dreifingarþjónustu, sem sér um móttöku, fullgildingu og dreifingu flugáætlananna innan loftrýmisins sem fellur undir þessa reglugerð.

4. gr.

Kröfur um afköst

1. Aðildarríkin sem bera ábyrgð á veitingu flugumferðarþjónustu í loftrýminu, sem tilgreint er í I. viðauka, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að staðfesta auðkenningu einstakra loftfara með niðursendri auðkenningu loftfars fyrir:
 - a) a.m.k. 50% af öllu yfirflugi í tilgreindu loftrými tiltekins aðildarríkis og
 - b) a.m.k. 50% af samanlögðum heildarfjölda alls komuflugs og brottfararflugs innan tilgreinds loftrýmis tiltekins aðildarríkis.
2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu tryggja að eigi síðar en 2. janúar 2020 hafi sameiginlega kögunarkeðjan nauðsynlega getu til að gera þeim kleift að staðfesta auðkenningu einstakra loftfara með niðursendri auðkenningu loftfars.
3. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem staðfesta auðkenningu einstakra loftfara með niðursendri auðkenningu loftfars, skulu tryggja að þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

4. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem staðfesta auðkenningu einstakra loftfara með notkun stakstæðra SSR-kóða utan þess loftrýmis sem tilgreint er í I. viðauka, skulu tryggja að þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

5. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu tryggja:

- a) að kerfin, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., séu tekin í notkun með fullnægjandi hætti til að styðja við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. þessarar greinar,
- b) að kerfin eða verklagsreglurnar, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., séu teknar í notkun með fullnægjandi hætti til að upplýsa flugumferðarstjóra um óviljandi tvítekingu á úthlutuðum SSR-kóða.

6. Aðildarríkin skulu tryggja:

- a) að hlutar loftrýmis séu gefnir upp til miðstýrðu flugáætlanavinnslu- og dreifingarþjónustunnar, sem um getur í 1. lið II. viðauka, til að styðja við kröfurnar í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og b-lið þessarar málsgreinar,
- b) að samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlananna sendi öllum hlutaðeigandi veitendum flugleiðsöguþjónustu upplýsingar um hvaða flug séu hæf til að nota auðsæis-kóðann, sem um getur í c-lið,
- c) að aðildarríkin samþykki öll einn stakan auðsæiskóða, sem samræmdur er við þriðju lönd innan Evrópu og sem eingöngu er notaður vegna úthlutunar til loftfars þegar auðkenning einstakra loftfara er staðfest með niðursendri auðkenningu loftfars.

5. gr.

Öryggiskröfur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að áður en breytingar eru gerðar á núverandi kerfum, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., eða ný kerfi eru tekin í notkun fari fram öryggismat, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, sem verður í höndum hlutaðeigandi aðila.
2. Við öryggismatið sem tilgreint er í 1. mgr. skal a.m.k. taka tillit til þeirra krafna sem tilteknar eru í IV. viðauka.

6. gr.

Samræmi eða nothæfi kerfishluta

Áður en EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004, er gefin út skulu framleiðendur kerfishluta kerfanna, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eða viðurkenndir fulltrúar þeirra með staðfestu í Sambandinu, meta samræmi eða nothæfi þessara kerfishluta í samræmi við kröfurnar í V. viðauka.

Samt sem áður skal líta á vottunarferlin sem samræmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽¹⁾, sem viðunandi verklagsreglur vegna samræmismats á þessum kerfishlutum ef þau fela í sér að sýnt er fram á að farið sé að kröfunum um afköst og öryggiskröfum þessarar reglugerðar.

7. gr.

Sannprófun á kerfum

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem geta eða hafa sýnt fram á að þeir uppfylli skilyrðin, sem sett eru fram í VI. viðauka, skulu sannprófa kerfin, sem um getur í b-, c-, og d-lið 1. mgr. 2. gr., í samræmi við kröfurnar í A-hluta VII. viðauka.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu sem geta ekki sýnt fram á að þeir uppfylli skilyrðin, sem sett eru fram í VI. viðauka, skulu semja við tilkynntan aðila um að sannprófa kerfin sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. Þessi sannprófun skal framkvæmd í samræmi við kröfurnar í B-hluta VII. viðauka.

3. Líta skal á vottunarferlin, sem samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008, sem viðunandi verklagsreglur til að sannprófa þessi kerfi ef þau fela í sér að sýnt er fram á að farið sé að kröfunum um afköst og öryggiskröfum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Viðbótarkröfur fyrir veitendur flugleiðsöguþjónustu

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að öllu viðkomandi starfsfólki verði kynntar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og að það fái fullnægjandi þjálfun til að gegna starfi sínu.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu:

- a) þróa og viðhalda flugrekstrarhandbókum, sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera öllu tengdu starfsfólki kleift að beita þessari reglugerð,
- b) tryggja að handbækurnar, sem um getur í a-lið, séu aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og að dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnauðfærslu,
- c) tryggja að vinnuaðferðirnar og verklagsreglurnar samrýmist þessari reglugerð.

9. gr.

Viðbótarkröfur fyrir umráðendur/flugrekendur

1. Flugrekendur/umráðendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólk, sem annast rekstur og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

viðhald á kögunarbúnaði, fái kynningu á viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar og fullnægjandi þjálfun til að gegna starfi sínu og að leiðbeiningar um notkun búnaðarins séu aðgengilegar í stjórnklefa.

2. Flugrekendur/umráðendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að loftför geti notað niðursenda auðkenningu loftfars þegar rekstrarleg krafa er um slíkt skv. 1. og 2. mgr. 4. gr.

3. Flugrekendur/umráðendur skulu tryggja að stillingar niðursendrar auðkenningar loftfars, sem um getur í 4. mgr., séu í samræmi við 7. atriði flugáætlunarinnar „auðkenning loftfars“, sem um getur í 2. lið viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006 ⁽²⁾.

4. Flugrekendur/umráðendur þeirra loftfara sem hafa getu til að breyta stillingum niðursendrar auðkenningar loftfars, sem um getur í 2. mgr., meðan á flugi stendur skulu tryggja að því sé ekki breytt meðan á flugi stendur nema veitandi flugleiðsöguþjónustu óski eftir því.

10. gr.

Viðbótarkröfur sem gerðar eru til aðildarríkjanna

Aðildarríkin skulu tryggja samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. birtingu viðeigandi upplýsinga í flugupplýsingahandbókum í hverju landi fyrir sig.

11. gr.

Undanþágur

1. Í því sérstaka tilviki þar sem flugumferðarþjónusta í aðflugsreit er í höndum herdeilda eða undir hernaðarlegu eftirliti og takmarkanir á innkaupum koma í veg fyrir að farið sé að 2. mgr. 4. gr., skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. desember 2017, um þá dagsetningu þegar kröfur um niðursenda auðkenningu loftfars eiga að vera uppfylltar, og skal hún vera eigi síðar en 2. janúar 2025.

2. Í kjölfar samráðs við netstjórnandann og eigi síðar en 31. desember 2018, getur framkvæmdastjórnin endurskoðað undanþágurnar sem tilkynnt hefur verið um skv. 1. mgr., sem gætu haft umtalsverð áhrif á evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

12. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. febrúar 2012.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 186, 7.7.2006, bls. 46.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

*I. VIÐAUKI***Loftrými sem um getur í 1. og 4. mgr. 4. gr.**

Til loftrýmisins, sem um getur í 1. og 4. mgr. 4. gr., teljast eftirfarandi flugupplýsingasvæði (FIR) og efri flugupplýsingasvæði (UIR):

- 1) Wien FIR,
 - 2) Praha FIR,
 - 3) Brussels FIR/UIR,
 - 4) Bordeaux, Brest, Marseille, Paris og Reims FIR, og France UIR,
 - 5) Bremen, Langen og Munchen FIR, og Hannover og Rhein UIR,
 - 6) Athinai FIR og Hellas UIR,
 - 7) Budapest FIR,
 - 8) Brindisi FIR/UIR, Milano FIR/UIR og Roma FIR/UIR,
 - 9) Amsterdam FIR,
 - 10) Bucharest FIR.
-

*II. VIÐAUKI***Kröfur um afköst, sem um getur í 3. mgr. 4. gr.**

1. Tilkynna skal miðstýrðu flugáætlanavinnslu- og dreifingarþjónustunni um þá hluta loftrýmis þar sem auðkenning einstakra loftfara er staðfest með niðursendri auðkenningu loftfars vegna skráningar í samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana.
2. Að því undanskildu að eitt af skilyrðum 3. liðar á við skal auðsæiskóðinn, sem ákveðinn er í samræmi við c-lið 6. mgr. 4. gr., úthlutaður loftförum í brottflugi eða loftförum þar sem breyting á kóða er krafist skv. 6. lið, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a) niðursend auðkenning loftfars er í samræmi við samsvarandi færslu í flugáætlun loftfarsins,
 - b) samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana hefur tilkynnt að loftfarið sé hæft til að fá úthlutaðan auðsæiskóða,
3. Þau loftför sem um getur í 2. lið skulu ekki fá úthlutaðan auðsæiskóða ef eitthvert eftirfarandi skilyrði á við:
 - a) ef veitandi flugleiðsöguþjónustu, sem verður fyrir óvæntri bilun í kögunarskynjum á jörðu niðri, hefur gripið til viðbúnaðarráðstafana þar sem úthlutun stakstæðra SSR-kóða er nauðsynleg,
 - b) ef sérstakar hernaðarlegar viðbúnaðarráðstafanir krefjast þess að veitendur flugleiðsöguþjónustu úthluti loftfari stakstæðum SSR-kóðum,
 - c) ef loftfar, sem telst hæft fyrir úthlutun auðsæiskóða sem ákveðinn er í samræmi við c-lið 6. mgr. 4. gr., yfirgefur eða er með öðrum hætti beint í aðra átt út úr þeim hluta loftrýmisins sem um getur í 1. lið.
4. Loftförum sem er ekki úthlutað auðsæiskóða, sem ákveðinn er í samræmi við c-lið 6. mgr. 4. gr., skulu fá úthlutað SSR-kóða sem er í samræmi við skrá yfir kóðaúthlutun, sem aðildarríkin hafa samþykkt og samræmd er við þriðju lönd innan Evrópu.
5. Þegar loftfari hefur verið úthlutað SSR-kóða skal framkvæma sannprófun við fyrsta tækifæri til að staðfesta að sá SSR-kóði sem flugmaðurinn hefur skráð sé sá sami og fluginu var úthlutað.
6. Þeir SSR-kóðar sem úthlutaðir eru loftförum, sem eru flutt frá veitendum flugleiðsöguþjónustu í nágrennaríkjum, skulu sjálfvirkt skoðaðir til að ganga úr skugga um að úthlutunin geti haldist í samræmi við skrá yfir kóðaúthlutun, sem aðildarríkin hafa samþykkt og samræmd er við þriðju lönd innan Evrópu.
7. Formlegt samkomulag, sem felur að lágmarki í sér eftirfarandi þætti, skal komið á við veitendur flugleiðsöguþjónustu í næsta nágrenni, sem staðfesta auðkenningu einstakra loftfara með stakstæðum SSR-kóðum:
 - a) það er skylda veitenda flugleiðsöguþjónustu í næsta nágrenni að flytja loftför sem hafa fengið úthlutað vottuðum, stakstæðum SSR-kóðum í samræmi við skrá yfir kóðaúthlutun, sem aðildarríkin hafa samþykkt og samræmd er við þriðju lönd innan Evrópu,
 - b) það er skylda að tilkynna viðtökudeildum um öll frávik, sem komið hafa í ljós við rekstur kerfishluta kögunarkerfa, sem eru um borð í loftförum.

*III. VIÐAUKI***Kröfur um afköst, sem um getur í 4. mgr. 4. gr.**

Sérstök kerfi sem notuð eru til að úthluta SSR-kóðum skulu hafa eftirfarandi starfræna getu:

- a) SSR-kóðar skulu úthlutaðir sjálfvirkt til loftfara í samræmi við skrá yfir kóðaúthlutun, sem aðildarríkin hafa samþykkt og samræmd er við þriðju lönd innan Evrópu,
- b) þeir SSR-kóðar sem úthlutaðir eru loftförum, sem eru flutt frá veitendum flugleiðsöguþjónustu í nágrenni, skulu skoðaðir til að ganga úr skugga um að úthlutanirnar geti haldist í samræmi við skrá yfir kóðaúthlutun, sem aðildarríkin hafa samþykkt og samræmd er við þriðju lönd innan Evrópu.
- c) SSR-kóðar skulu flokkaðir í mismunandi flokka til að gera mismunandi kóðaúthlutun mögulega,
- d) úthluta skal SSR-kóðum úr þessum mismunandi flokkum sem um getur í c-lið í samræmi við flugstefnuna,
- e) margar samhliða úthlutanir á sama SSR-kóðanum geta farið fram þegar ekki er hætt á árekstri þessara loftfara.

*IV. VIÐAUKI***Kröfurnar, sem um getur í 5. gr.**

1. Kröfur um afköst, sem tilgreindar eru í 3. og 4. mgr., b-lið 5. mgr. og 6. mgr. 4. gr.
 2. Viðbótarkröfur, sem tilgreindar eru í 1., 2., 3. og 4. mgr. 9. gr.
-

*V. VIÐAUKI***Kröfur vegna mats á samræmi eða nothæfi kerfishluta sem um getur í 6. gr.**

1. Í sannprófuninni skal sýna fram á að kerfishlutarnir séu í samræmi við gildandi kröfur þessarar reglugerðar meðan þeir eru starfræktir í prófunarumhverfi.
2. Framleiðandinn skal sjá um starfsemi á sviði samræmismatsins og skal einkum:
 - a) ákvarða viðeigandi prófunarumhverfi,
 - b) staðfesta að í prófunaráætluninni sé kerfishlutunum lýst í prófunarumhverfinu,
 - c) staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar viðeigandi kröfur,
 - d) tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,
 - e) skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,
 - f) annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,
 - g) skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.
3. Framleiðandinn skal sjá til þess að kerfishlutarnir, sem um getur í 6. gr., sem eru samþættir prófunarumhverfinu, séu í samræmi við gildandi kröfur þessarar reglugerðar.
4. Þegar sannprófun á samræmi eða nothæfi kerfishluta er lokið á fullnægjandi hátt skal framleiðandinn, á eigin ábyrgð, gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi kerfishlutanna og tilgreina gildandi kröfur í þessari reglugerð sem þeir uppfylla ásamt tilheyrandi notkunarskilyrðum í samræmi við 3. lið í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004.

*VI. VIÐAUKI***Skilyrði sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr.**

1. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að nota skýrslugjafaraðferðir innan fyrirtækisins sem tryggja og sýna fram á óhlutdrægni og sjálfstætt mat í tengslum við sannprófunarstörf.
2. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, annist skoðanir í hvívetna af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og sé óháð öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þess eða niðurstöður skoðana, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem niðurstöður skoðana hafa áhrif á.
3. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, hafi aðgang að þeim búnaði sem gerir því kleift að framkvæma nauðsynlegar skoðanir.
4. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, hafi trausta tækni- og starfsþjálfun, næga þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru við skoðanir sem það framkvæmir, næga reynslu af slíkum aðgerðum og tilskilda kunnáttu í að útbúa yfirlýsingar, skrár og skýrslur til að sýna fram á að þessar sannprófanir hafi farið fram.
5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, geti framkvæmt skoðanirnar af óhlutdrægni. Laun þess mega hvorki vera háð fjölda skoðana, sem framkvæmdar eru, né niðurstöðum þeirra.

VII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Kröfur fyrir sannprófun kerfa sem um getur í 1. mgr. 7. gr.

1. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skal sýna fram á að þessi kerfi séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar um afköst og öryggi í matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi þessara kerfa.
2. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skal fara fram í samræmi við viðeigandi og viðurkenndar prófunaraðferðir.
3. Prófunartækin fyrir sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. skulu hafa viðeigandi virkni.
4. Sannprófun kerfa, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skal hafa í för með sér að tækniskjalið innihaldi þætti, sem krafist er í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004, ásamt eftirfarandi:
 - a) lýsingu á framkvæmd,
 - b) skýrslu um skoðanir og prófanir sem búið var að framkvæma áður en kerfið var tekið í notkun.
5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal sjá um sannprófunarstörfin og skal einkum:
 - a) ákvarða viðeigandi rekstrarumhverfi og tæknilegt matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi,
 - b) staðfesta að prófunaráætlunin lýsi samþættingu kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., í rekstrarlegu og tæknilegu matsumhverfi,
 - c) staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi afköst og öryggi,
 - d) tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,
 - e) skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,
 - f) annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,
 - g) skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.
6. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal sjá til þess að kerfin, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr. og starfrækt eru í rekstrarlegu matsumhverfi, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um afköst og öryggi.
7. Þegar sannprófun á samræmi er lokið á fullnægjandi hátt skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu gera EB-yfirlýsingu um sannprófun kerfa og leggja hana fyrir landsbundna eftirlitsyfirvaldið ásamt tækniskjölum skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004.

B-HLUTI

Kröfur fyrir sannprófun kerfa sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

1. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skal sýna fram á að þessi kerfi séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar um afköst og öryggi í matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi þessara kerfa.
2. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skal fara fram í samræmi við viðeigandi og viðurkenndar prófunaraðferðir.

3. Prófunartækin fyrir sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skulu hafa viðeigandi virkni.
 4. Sannprófun kerfa, sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., skal hafa í för með sér að tækniskjalið innihaldi þætti, sem krafist er í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004, ásamt eftirfarandi:
 - a) lýsingu á framkvæmd,
 - b) skýrslu um skoðanir og prófanir sem búið var að framkvæma áður en kerfið var tekið í notkun.
 5. Veitandi flugleiðsögubjónustu skal ákvarða viðeigandi rekstrarlegt og tæknilegt matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi og skal láta tilkynntan aðila sjá um sannprófunarstörfin.
 6. Tilkynntur aðili skal sjá um sannprófunarstörfin og skal einkum:
 - a) staðfesta að prófunaráætlunin lýsi samþættingu kerfa, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., í rekstrarlegu og tæknilegu matsumhverfi,
 - b) staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi afköst og öryggi,
 - c) tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,
 - d) skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,
 - e) annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,
 - f) skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.
 7. Tilkynnti aðilinn skal sjá til þess að kerfin, sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið 1. mgr. 2. gr., sem starfrækt eru í rekstrarlegu matsumhverfi, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um afköst og öryggi.
 8. Þegar sannprófunarverkefnunum er lokið á fullnægjandi hátt skal tilkynntur aðili gefa út samræmisvottorð í tengslum við þau verkefni sem hann framkvæmdi.
 9. Veitandi flugleiðsögubjónustu skal síðan útbúa EB-yfirlýsingu um sannprófun kerfa og leggja hana fyrir landsbundna eftirlitsyfirlaðið, ásamt tækniskjölum, eins og krafist er í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004.
-